

# Samfélagsspor Arnarlax árið 2022



14. mars 2023





# Efnisyfirlit

01 Samfélagsspor

03 Samantekt

05 Skattar tengdir launagreiðslum

07 Gjöld til umhverfissjóðs

09 Önnur gjöld og styrkir

11 Ýmis samfélagsverkefni

02 Um Arnarlax

04 Tekjuskattur

06 Mótframlag í lífeyrissjóði

08 Auðlindagjald

10 Vottanir

# 01 Samfélagsspor



## Hvað er samfélagsspor?

Samfélagsspor er samantekt fyrir fyrirtæki til að sýna með einföldum hætti framlag þeirra til samfélagsins, m.a. í formi skatta og opinberra gjalda.


Um er að ræða stutta samantekt sem veitir upplýsingar um það hvaða skatta og gjöld fyrirtækið greiðir. Jafnframt eru settar fram aðrar upplýsingar sem talið er að auki skilning á þeim virðisauka sem fyrirtækið skapar með rekstri sínum.

Umfjöllun um skattgreiðslur fyrirtækja í fjölmiðlum getur falið í sér þá áhættu að hlutir geta verið teknir úr samhengi eða ofuráhersla lögð á einstaka gjöld eða skatta. Með samfélagsspori er gefin heildstæð mynd af öllum sköttum og gjöldum sem renna til opinberra aðila í einni samantekt.

Með skýrslu um samfélagsspor er hægt að öðlast góða yfirsýn yfir skatta og gjöld. Hægt er að nota skýrsluna til að veita almenningi innsýn í skattaumhverfi viðkomandi fyrirtækis og jafnframt til þess að bregðast hratt við fyrirspurnum einstaklinga eða fjölmiðla eða vegna mögulegs óskýrleika í opinberri umræðu.

Upplýsingarnar í skýrslunni geta einnig verið þáttur í innri upplýsingagjöf og komið að notum við gerð viðskiptaáætlana auk þess sem skattgreiðslur kunna að gefa stjórnendum samanburðarupplýsingar um innri hlutföll í rekstri fyrirtækisins á milli ára.

Upplýsingar sem settar hafa verið fram í þessari skýrslu um samfélagsspor Arnarlax byggja á ársreikningum samstæðunnar, yfirlitum og upplýsingum frá opinberum aðilum og öðrum gögnum frá stjórnendum Arnarlax.



# 02 Um Arnarlax


Arnarlax er dótturfélag Icelandic Salmon AS og var stofnað árið 2009 á Bíldudal við Arnarfjörð. Bíldudalur er heimabær Matthíasar Garðarasonar, stofnanda félagsins sem vissi að aðstæður á þessu svæði væru kjörnar til laxeldis. Í dag er fyrirtækið stærsta fiskeldisfyrirtæki á Íslandi.

Nútíma laxeldi er tiltölulega nýtt af nálinni á Íslandi, samanborið við nágrannapjóðir í Færeyjum, Skotlandi og Noregi. Leiðarljós félagsins byggir á því að sjálfbærni er félaginu eðlislæg“ (e. „Sustainability – it’s in our nature“) þ.e. að vera sjálfbær í öllum þáttum starfseminnar og vera leiðandi hvað varðar kostnaðarhagkvæmni, líffræði og þróun allrar virðiskeðjunnar fyrir laxeldi á Íslandi. Sjálfbærnisrásla er gefin út árlega sem huti af ársskýrslu félagsins.

Í framhaldi af árangursríku hlutafjárútbóði haustið 2020 var Arnarlax skráð á Euronext Growth í norsku kauphöllinni. Í árslok 2022 átti SalMar 51 prósent hlut í félaginu. Árið 2021 fjárfesti Arnarlax í tveimur eldisstöðvum á Suðurlandi, í Þorlákshöfn og í Grímsnesi og á árinu 2022 eignaðist Arnarlax Eldisstöðina Íspór að fullu. Fyrirtækið er að fullu lóðrétt samþætt með alla þætti virðiskeðjunnar á sinni hendi, þar með talið seiðaframleiðslu, eldi, vinnslu og sölu. Náttúrulegar aðstæður, með góðum sjó og hitastigi sem er sambærilegt við það sem gerist í norðurhluta Noregs gefur góðan grunn til að stunda sjálfbært fiskeldi á Íslandi.

Höfuðstöðvar félagsins og sláturhús eru á Bíldudal, skammt frá sjókvíum í nærliggjandi fjörðum. Þá er félagið með söluskrifstofu í Reykjavík og fjórar seiðeldisstöðvar, þrjár þeirra eru á Suðurlandi og ein á Vestfjörðum.

Um 5,5% af verðmætum vöruútflutnings Íslands á árinu 2022 var vegna útflutnings í fiskeldi og má ætla að um 2,5% séu vegna útfluttra afurða Arnarlax og rúmlega 3% af verðmætum útfluttra afurða fari í gegnum vinnsluhús félagsins á Bíldudal.



# 02 Um Arnarlax


Framlag Arnarlax til samfélagsins er með ýmsum hætti, meðal annars með greiðslu launa og tengdra gjalda, aðkeyptri þjónustu, vörukaupum, greiðslu fjármagnsgjalda, styrkjum, auk greiðslu skatta og gjalda til yfirvalda.

Í þessari skýrslu er starfssvæði Arnarlax skilgreint sem Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Öflus og Grímsnes- og Grafningshreppur. Meðalfjöldi starfsmanna Arnarlax var 177 á árinu 2022 og í árslok störfuðu 199 starfsmenn hjá félaginu, þar af voru 132 starfsmenn búsettir í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi eða um 66% starfsmanna. Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun var meðaltal áætlaðs vinnuafli í sveitarfélögum á sunnanverðum Vestfjörðum, Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi, um 817 á árinu 2022 og hafði þá aukist um 7% frá meðaltali ársins 2021. Um 16% af áætluðu vinnuafli sveitarfélaganna tveggja starfaði hjá Arnarlaxi á árinu 2022. Þá störfuðu 18 af heimamönnum á starfssvæði félagsins á suðurlandi hjá félaginu. Að auki starfa margir íbúar við afleidd störf sem skapast hafa vegna reksturs Arnarlax.

Neðangreindar upplýsingar eru fengnar frá stjórnendum Arnarlax. Annars vegar miðast tölurnar við íslenskt samfélag í heild og hins vegar eru dregin fram verðmætasköpun á starfssvæði Arnarlax t.d. viðskipti við þjónustuaðila á starfssvæðinu.




Verðmætasköpun til samfélagsins millj. kr.	2022		2021		2020		2019	
	Ísland	Þar af á starfssvæði Arnarlax	Ísland	Þar af á starfssvæði Arnarlax	Ísland	Þar af á starfssvæði Arnarlax	Ísland	Þar af á starfssvæði Arnarlax
Launakostnaður	2.469,3	1.852,0	1.828,1	1.537,2	1.496,6	1.213,6	1.262,7	1.137,6
Greiðslur til íslenskra þjónustuaðila	3.329,2	907,6	3.001,0	867,0	2.488,3	1.185,9	1.337,2	754,5
Vörukaup af íslenskum aðilum	808,9	64,8	360,0	65,2	293,0	90,4	819,0	46,6
Skattar og gjöld til yfirvalda	1.095,9	499,6	834,6	294,1	643,3	238,1	515,2	198,2
Mótframlög til lífeyrissjóða	226,0		163,8		142,8		129,1	
<b>Skattar og gjöld alls</b>	<b>1.321,9</b>		<b>998,4</b>		<b>786,1</b>		<b>644,3</b>	



# 03 Samantekt

Greiddir skattar og gjöld (m.kr.)	2022	2021	2020	2019	2018
Tryggingagjald	129,7	103,9	80,8	75,1	63,9
Mótframlag í lífeyrissjóð	226,0	163,8	142,8	129,1	99,8
Gjöld í umhverfissjóð	81,8	80,0	86,5	45,7	39,9
Auðlindagjald	102,2	29,2	21	-	-
Aflagjöld	162,8	87,4	76,8	63,1	39,7
<b>Aðrir skattar og gjöld:</b>					
Önnur gjöld til hafnarsjóðs	29,8	21,3	29,4	15	6,3
Bein vörugjöld og tollar	18,0	13,2	9,7	12,5	9,2
Fasteignagjöld	20,8	7,1	4,9	5,2	4,9
Annað	38,6	14,9	13,1	16,8	9,3
	<b>809,8</b>	<b>520,8</b>	<b>465</b>	<b>362,5</b>	<b>273</b>
<b>Innheimtir skattar</b>					
Staðgreiðsla starfsmanna	499,6	467,2	315,6	275,9	218,7
Aðrir skattar starfsmanna	12,5	10,4	5,5	5,9	4,1
	<b>512,1</b>	<b>477,6</b>	<b>321,1</b>	<b>281,8</b>	<b>222,8</b>
<b>Skattar og gjöld alls</b>	<b>1.321,9</b>	<b>998,4</b>	<b>786,1</b>	<b>644,3</b>	<b>495,8</b>



Hagnaður varð af rekstri árið 2022 og mun Arnarlax greiða 149 millj. kr. í tekjuskatt árið 2023. Skattalegur hagnaður fyrir nýtingu yfirfæranlegs skattalegs taps fyrri ára nam 3.974 millj. kr. árið 2022.




# 03 Samantekt - Ríki og sveitarfélög

Skattar og gjöld Arnarlax til ríkis, sveitarfélaga og lífeyrissjóða námu samtals 1.322 millj. kr. vegna ársins 2022. Greiðslur til ríkis og sveitarfélaga námu 1.096 millj. kr. vegna ársins 2022 og hækkuðu um 31% milli áráanna 2021 og 2022. Þá mun félagið greiða tekjuskatt á árinu 2023 vegna afkomu árið 2022.

Hækkunin fólst m.a. í hækkun skatta og gjalda vegna launagreiðslna, hækkun auðlindagjalds og aflagjalda. Hlutfallsleg skipting milli ríkis og sveitarfélaga sýnir að hlutur sveitafélaga hækkar milli áráanna 2021 og 2022 og er 40% árið 2022, en var 35% árið 2021.

Í sundurliðun hér hefur verið tekið tillit til hlutdeildar útsvars til sveitarfélga í staðgreiðslu skatta, sem innheimt er af ríkinu.

Skattar og gjöld til yfirvalda



■ Ríki  
■ Sveitarfélög

■ Ríki  
■ Sveitarfélög

■ Ríki  
■ Sveitarfélög

# 04 Tekjuskattur

Tekjuskattur reiknast af hagnaði ársins. Fjárhæðin skiptist í tvennt, annars vegar skatt sem kemur til greiðslu á næsta ári og hins vegar frestaðan skatt sem greiðist seinna. Gildandi skattprósenta er 20%. Eftirstöðvar rekstrartaps frá síðustu tíu árum á undan tekjuári má draga frá tekjum af atvinnurekstri, enda hafi fullnægjandi grein verið gerð fyrir rekstrartapinu og eftirstöðvum þess á því tekjuári þegar tapið myndaðist. 2023.

Samstæða Arnarlax hefur verið í uppbyggingu síðustu ár og samhliða því hefur ekki komið til greiðslu tekjuskatts heldur hefur félagið verið rekið með tapi og eignast tekjuskattsinneign vegna þessa.


Hagnaður varð af rekstri Arnarlax á árinu 2022. Skattalegur hagnaður fyrir nýtingu yfirfæranlegs taps nam 3.974 millj. kr. og að teknu tilliti til nýtingar á skattalegri inneign fyrri ára mun félagið greiða 149 millj. kr. í tekjuskatt á árinu 2023. Í árslok 2022 hafði félagið nýtt alla skattinneign á móti reiknuðum tekjuskatti. Rekstraráætlanir félagsins gera ráð fyrir hagnaði næstu ár og að félagið muni þar með greiða tekjuskatt samhliða honum.

Miklar fjárfestingar hafa átt sér stað fyrir uppbyggingu félagsins og hefur megináhersla á árunum 2021 og 2022 verið í seiðaeldisstöðvum á landi, auk kvía, pramma og þjónustubáta. Heildarfjárfestingar félagsins árið 2022 voru tæpir 5 milljarðar sem koma til viðbótar við tæpa 3 milljarða árið 2021.

Eftir miklar fjárfestingar síðustu ára, var ákveðinn rekstrarlegur viðsnúningur á árinu 2022. Í þessu samhengi er mikilvægt að horfa til aukningar í sláturmagni Arnarlax, en það jókst um 40% milli árunna 2021 og 2022, eða úr 11.537 tonnum í 16.138 tonn. Arnarlax hefur markvisst unnið að stækkun og er fyrirhugað að fjárfesta fyrir 4,5 milljarða króna á árinu 2023.

Myndin hér að neðan sýnir sláturmagn af eigin fiski og aukningu milli ára, en að auki slátrar félagið fyrir þriðja aðila sem styrkir enn frekar stoðir atvinnulífsins á svæðinu og eykur hæfi félagsins til greiðslu tekjuskatts.

Slátað magn á árunum 2012 til 2022





# 05 Skattar tengdir launagreiðslum

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2022 hjá Arnarlaxi var um 177 starfsmenn en á árinu 2021 voru starfsmenn Arnarlax 137. Til viðbótar starfa verktakar fyrir Arnarlax við ýmis verkefni.


Auk þeirra beinu starfa í fiskeldi sem Arnarlax skapar, myndast líka afleidd störf í þjónustu og aukinni umsýslu. Sem dæmi um þau afleiddu störf sem skapast við fiskeldi má nefna þjónustustörf, störf við afurða- og fódurflutningar, eftirlitsstörf og margt fleira.

Af launum hvers starfsmanns reiknast skattar og opinber gjöld. Vinnuveitandi sér um að halda eftir staðgreiðslu af launum og svokölluðum launaafdrætti og skila til Ríkisskattstjóra. Staðgreiðsla af launum skiptist í tvennt, annars vegar tekjuskatt einstaklinga sem rennur til ríkisins og hins vegar útsvar sem rennur til sveitarfélagsins þar sem starfsmaðurinn er búsettur.

Tryggingagjald er gjald sem rennur m.a. í atvinnuleysistryggingasjóð, fæðingar- orlofssjóð og til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga.

Heildarkostnaður Arnarlax vegna launa, tryggingagjalds og mótfamlags til lífeyrissjóða nam 2.171 millj. kr. á árinu 2022 samanborið við 1.543 millj. kr. árið 2021. Árið 2022 skilaði Arnarlax 500 millj. kr. í staðgreiðslu af launum starfsmanna sinna og greiddi 130 millj. kr. í tryggingagjald. Árið 2021 nam fjárhæð staðgreiðslu 467 millj. kr. og fjárhæð tryggingagjalds 104 millj. kr. Árið 2020 nam fjárhæð staðgreiðslu 316 millj. kr. og fjárhæð tryggingagjalds 81 millj. kr.

Skattar af launum starfsmanna



Skattar tengdir launagreiðslum námu 630 milljónum króna árið 2022, þ.e. 500 milljónir kr. í staðgreiðslu skatta og 130 milljónir kr. í tryggingagjald og nam hækkun milli ára 10%.

# 06 Mótframlag í lífeyrissjóði

Starfsmenn Arnarlax greiða lögum samkvæmt 4% iðgjald af launum sínum í lífeyrissjóði og til viðbótar geta þeir valið að greiða framlag í séreignasjóði. Arnarlax greiðir 11,5% mótframlag í lífeyrissjóði starfsmanna auk þess sem mótframlag er greitt á móti framlagi starfsmanna í séreignasjóði.


Um það bil 44% starfsmanna hafa valið að greiða í séreignasjóði á árinu 2022, en árið 2021 nam það hlutfall 47%. Af þeim sem greiða í séreignasjóð hafa 70% valið að greiða 4% af launum í séreignasjóði.

Fyrir Arnarlax starfa auk þess margir verktakar og sjá þeir sjálfir um að standa skil á greiðslum í lífeyrissjóði.

Heildargreiðslur sem mótframlag í lífeyrissjóði starfsmanna á árinu 2022 voru 226 millj. kr. samanborið við 164 millj. kr. á árinu 2021. Árið 2020 námu þær 143 millj. kr., 129 millj. kr. árið 2019 og 100 millj. kr. vegna ársins 2018.

Hækkun mótframlags í lífeyrissjóði milli árana 2021 og 2022 nam 38%, en á sama tíma hækkuðu laun starfsmanna um 42% og meðalfjöldi starfsmanna hækkaði um 29%.

Mótframlag í lífeyrissjóði



Arnarlax greiðir mótframlag í almenna lífeyrissjóði starfsmanna og í séreignasjóði. Samtals námu framlög í lífeyrissjóði 226 millj. kr. á árinu 2022. Hækkun mótframlags milli árana 2021 og 2022 nam 38%.

# 07 Gjöld til umhverfissjóðs


Umhverfissjóður sjókvíaeldis starfar á grundvelli laga nr. 71/2008, um fiskeldi, og er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins á forræði matvælaráðherra. Markmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis.

Handhafar rekstrarleyfa til sjókvíaeldis greiða árgjald til sjóðsins og greiddi Arnarlax 82 millj. kr. til sjóðsins á árinu 2022 samanborið við 80 millj. kr. á árinu 2021, 87 millj. kr. á árinu 2020, 46 millj. kr. á árinu 2019 og 40 millj. kr. á árinu 2018. Skattstofn er fast verð 20 SDR fyrir hvert tonn sem heimilt er að framleiða samkvæmt rekstrarleyfi, en það var 23.700 tonn í lok árs 2022.

Sjóðurinn sinnir hlutverki sínu m.a. með því að fjármagna verkefni, sem lúta að því að aðlaga fiskeldi hér á landi sem mest að þeim umhverfisskilyrðum sem fyrir hendi eru og lágmarka þannig umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis. Sjóðurinn greiðir kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, sjálfbærni vöktunar fiskistofna og annarra verkefna sem stjórn sjóðsins ákveður.

Á árinu 2022 úthlutaði sjóðurinn styrkjum til 10 verkefna, fyrir allt að 192 milljónum króna, þar af hlutu þrjú verkefni í umsjón Hafrannsóknarstofnunar 118 millj.kr. í styrk. Arnarlax var ekki á meðal styrkumsækjenda á árinu 2022.

Gjöld til Umhverfissjóðs sjókvíaeldis



Gjöld til umhverfissjóðs námu 82 millj. kr. á árinu 2022. Hækkun milli ára nam 2,5%.

# 08 Auðlindagjald

Lög nr. 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó og fiskeldissjóð tóku gildi á árinu 2019 og var gjaldið lagt á vegna fisks sem slátrað var frá og með 1. janúar 2020. Skyldu til greiðslu gjalds vegna fiskeldis í sjó ber rekstrarleyfishafi fiskeldisstöðvar samkvæmt lögum um fiskeldi.


Fiskistofa skal ákvarða og birta fjárhæð gjaldsins í samræmi við viðmið sem sett eru í 2. gr. laga nr. 89/2019. Samkvæmt bráðabirgðaákvæði laganna nam fjárhæð gjaldsins 3/7 af reikningsstofni árið 2022 og mun nema 4/7 árið 2023, 5/7 árið 2024, 6/7 árið 2025 og frá og með 2026 verður innheimt að fullu í samræmi við lögin.

Auðlindagjald Arnarlax nam 102 millj. kr. árið 2022 og hækkar um 250% milli ára þar sem gjaldið nam 29 millj. kr. vegna ársins 2021. Ástæðurnar eru margþættar þar sem magn slátraðs lax jókst um 40% milli árana, fjárhæð gjaldsins á hvert kíló slátraðs fisks hækkaði verulega og á árinu 2022 var innheimt 3/7 hlutar af gjaldinu í stað 2/7 árið 2021.

Fiskeldissjóður er sjálfstæður opinber sjóður og er ætlað að veita sveitarfélögum styrki til uppbyggingar innviða, þar sem fiskeldi í sjókvíum er stundað, og styrkja þar með samfélög og stoðir atvinnulífs á þeim svæðum.

Á árinu 2022 veitti sjóðurinn styrki til sex verkefna alls að fjárhæð 185 millj. króna. Fjórir runnu til Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps, samtals tæplega 66 millj. króna.

Auðlindagjald



Auðlindagjald vegna fiskeldis í sjó nam 102 millj. kr. vegna ársins 2022. Hækkun milli ára nam 250%.

# 09 Önnur gjöld og styrkir

## Aðflutningsgjöld

Meðal annarra skatta og gjalda sem Arnarlax greiðir til ríkisins eru aðflutningsgjöld sem fyrirtækið greiðir vegna aðkeyptra aðfanga erlendis frá. Þar er um að ræða tolla, vörugjöld og virðisaukaskatt af hinum ýmsu vörum sem greidd eru til ríkissjóðs, ýmist beint vegna eigin innflutnings en að stærstum hluta óbeint sem hluti af vöruverði til þriðja aðila.

Tollar og önnur gjöld sem greidd voru af eigin innfluttum vörum Arnarlax námu 11 millj. kr. á árinu 2022.

## Olíu- og kolefnisgjald

Á árinu 2022 voru 349 millj. kr. gjaldfærðar vegna kaupa á olíu og bensíni, þar af 56 millj. kr. vegna véla og bíla. Hluti af þessari gjaldfærslu er vegna olíu- og kolefnisgjalds sem seljendur olíu og bensíns standa skil á til ríkissjóðs.

Olíugjaldið var 68 kr. pr. lítra á árinu 2022 en kolefnisgjaldið var 12,05 kr. pr. lítra. Olía til að nota á skip og báta er undanþegin olíugjaldi þegar í hana hefur verið bætt litar- og merkiefnum.

## Styrkir

Arnarlax veitti ýmsa styrki til samfélagamála á árinu 2022 og námu þeir um 19,3 millj. kr. Þá er Arnarlax einnig aðili að samstarfi um almenningsþing milli byggðarlaga á sunnavegum Vestfjörðum og greiðir fyrir aðgang að íþróttahúsum í heimabyggð, sem starfsmenn Arnarlax og aðrir íbúar njóta góðs af. Greiðslur vegna samgangna og íþróttahúsa námu 13,4 millj. kr. á árinu 2022.



# 09 Önnur gjöld

## Ýmis gjöld til sveitarfélaga

Arnarlax er með megin starfsemi sína í Vesturbyggð og Tálknafirði, en á árinu 2021 fjárfesti Arnarlax í tveimur eldisstöðvum á Suðurlandi og árinu 2022 eignaðist félagið að fullu Eldisstöðina Íspór í Þorlákshöfn. Í tengslum við þessar starfsstöðvar greiðir Arnarlax ýmis gjöld sem renna til sveitarfélaganna.

Aflagjöld sem greidd voru á árinu 2022 námu rúmlega 163 millj. kr. samanborði við tæplega 87 millj. kr. árið 2021. Samhliða aukinni framleiðslu / umsvifum aukast greiðslur vegna aflagjalda.

Vörugjöld eru greidd til hafnarsjóðs af fóðri sem fer á land og námu gjöldin tæplega 6,5 millj. kr. á árinu 2022 samanborði við tæplega 4,3 millj. kr. á árinu 2021.


Önnur gjöld til hafnarsjóða, þar á meðal hafnargjöld og stöðuleyfi, námu tæplega 30 millj. kr. á árinu 2021 samanborði við rúmlega 21 millj. kr. á árinu 2021.

Fasteinagjöld eru gjöld sem árlega eru lögð á allar fasteignir. Þau skiptast m.a. niður í fasteignaskatt, lóðaleigu, sorphirðugjald og gjald vegna endurvinnslu-stöðva. Gjaldið er hærra á atvinnuhúsnæði en á íbúðarhúsnæði.


Greidd fasteignagjöld ársins 2022 námu 21 millj. kr. samanborði við 7 millj. kr. á árinu 2021. Breytingin skýrist að mestu af fasteignagjöldum í Ölfusi vegna Íspórs.

Arnarlax greiddi til sveitarfélaga 243 millj. kr. í ýmis gjöld á árinu 2022 samanborði við 121 millj. kr. á árinu 2021, þar af námu aflagjöld um 163 millj. kr. Mest var greitt til Vesturbyggðar á árinu 2022, eða 197 millj. kr.

### Gjöld til sveitarfélaga



### Sveitarfélög 2022



Ýmis gjöld til sveitafélaga námu 243 millj. kr. á árinu 2022 og hækkuðu um 100% milli ára.

# 10 Vottanir

## Umhverfisvottun

Öll framleiðsla Arnarlax er ASC vottuð. ASC (Aquaculture Stewardship Council) er ein strangasta umhverfisvottun þegar kemur að fiskeldi og er þekkt og eftirsótt á krefjandi mörkuðum um allan heim.

ASC vottunarstaðallinn hefur verið þróaður meðal annars af World Wildlife Fund (WWF) en til að fá vottun þurfa fyrirtækin meðal annars að lágmarka umhverfisáhrif og starfa í sátt við samfélag og starfsmenn fyrirtækisins.


Fyrirtæki sem standast ASC vottun skuldbinda sig til að lágmarka áhrif á umhverfi á ýmsa vegu. Taka þarf tillit til villtra laxfiskastofna, fugla, sjávarspendýra og annarra lífvera sem búa í námunda við eldissvæðin svo eitthvað sé nefnt.

## Matvælaöryggisvottun

Arnarlax fékk BRC (British Retail Consortium) matvælaöryggisvottun fyrir vinnsluna á Bíldudal á árinu 2021 og við endurmat á árinu 2022 hækkaði vottunin úr B flokki í A flokk. Með vottuninni er staðfest að ferlar í vinnslu standast gæða- og matvælaöryggiskröfur á alþjóðlegum vettvangi.

## Jafnlaunavottun

Arnarlax hefur hlotið jafnlaunavottun, en meginmarkmið vottunarinnar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stuðla að jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Vottunin byggist á jafnlaunastaðlinum ÍST 85:2012.



# 11 Ýmis samfélagsverkefni

## Samstarf um nám á framhaldsskólastigi

Í janúar 2022 var undirritað samkomulag Menntaskólans á Ísafirði, Vestfjarðarstofu, Arnarlax, ArcticFisk og Háafells varðandi nám í fiskeldi á framhaldsskólastigi. Þá verður lögð áhersla á samstarf við þrjá aðra framhaldsskóla.

Menntaskólinn á Ísafirði tók að sér forystu við að setja á laggirnar nám í fiskeldi á framhaldsskólastigi með þróun nýrrar námsbrautar sem mun veita grunnhæfni til starfa í fiskeldi með áherslu á þekkingu á umhverfinu, ströndinni, auðlindum hafsins og fiskeldi. Þessi námsbraut er afrakstur greiningarvinnu sem Fræðslumiðstöð Vestfjarða vann á menntunarpörf í fiskeldi í tengslum við Evrópuverkefnið Blue Mentor.

Arnarlax mun leggja fram þekkingu og aðgang að fyrirtækinu til kennslu og miðlunar þekkingar í fiskeldisáföngum. Framlag Arnarlax er í formi vinnuframlags, aðstöðu og beinum fjárhagslegum styrkt upp á 3 millj. kr. á árinu 2022.

Áætlað er að námsbrautin fari af stað haustið 2023 og gert er ráð fyrir að námið verði sjálfbært hvað varðar rekstrarfé. Áfram verður fullt samstarf milli fyrirtækis og skóla.





# 11 Ýmis samfélagsverkefni

## Safn um Gísla á Uppsölum

Arnarlax hefur samþykkt að styrkja *Félag um safn Gísla á Uppsölum* um 9 millj. kr. við uppbyggingu safnsins. Styrkurinn verður m.a. nýttur í að bæta aðgengi að Uppsölum, endurbætur á húsnæði, upplýsingagjöf til ferðafólks og fleira.

Gísli Októvíanus Gíslason, betur þekktur sem Gísli á Uppsölum, varð þjóðþekktur árið 1981 þegar Ómar Ragnarsson sótti hann heim í Stikluþætti. Gísli var einsetumaður og þóttu búskaparhættir hans fornir en í húsi hans var hvorki rafmagn né rennandi vatn. Gísli fæddist árið 1907 og bjó á Uppsölum í Selárdal alla tíð, en hann lést árið 1986.

Framkvæmdir hófust vorið 2022. Áhersla verður lögð á að innrétta húsið með upprunalegum hætti, svo að gestir fái að kynnast búsetuháttum Gísla eins og þeir voru á sínum tíma.

Fosvarsmenn Félags um safn Gísla á Uppsölum sjá fyrir sér að safnið muni auka enn frekar áhuga ferðafólks á svæðinu. Vonir þeirra standa til að opna safnið árið 2025.

Forsvarsmenn Arnarlax fagna þessu lofsverða framtaki við að varðveita Uppsali og þau vestfirsku menningarverðmæti sem felast í að halda arfleifð Gísla á lífi.





**pwc**

  
**Arnarlax**  
SUSTAINABLE ICELANDIC SALMON



©2023 PricewaterhouseCoopers ehf. Allur réttur áskilinn. „PricewaterhouseCoopers“ vísar til PricewaterhouseCoopers ehf. á Íslandi, nema ráða megi af samhengi eða beinum tilvísunum að vísað sé í önnur fyrirtæki sem mynda samstarf PricewaterhouseCoopers International Limited, sem öll eru lagalega sjálfstæðar einingar.